

HÚSÖNDIN

71.tbl. 2.árg.
17.júlí 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 18.-24.JÚLÍ


- 18.7 Soffía Kristín Björnsdóttir, Pavla Horníková
- 19.7 Benedikt Þór Guðmundsson
- 20.7 Jóhann Ingvarsson, Andri Karlsson
- 21.7 Sólveig Illugadóttir, Apolline Alice Penelope Barra
- 23.7 Örnólfur Jóhannes Ólafsson, Jón Ingi Hinriksson
Linda Ósk Antonsdóttir

56m² íbúð til leigu í miðbæ Akureyrar frá og með 20. ágúst n.k. Íbúðin skiptist í svefnherbergi með hjónarúmi, stofu með svölum og opið eldhús. Baðherbergi með sturtu, vs og tengingu fyrir þvottavél. Leigist með húsgögnum en innifalið í leigu er hiti, rafmagn, hússjóður og internet. Aðeins reglusamir og REYKLAUSIR einstaklingar koma til greina. Gæludýr ekki leyfð. Meðmæli frá fyrri leigusala er kostur. Leiguverð er 140þús/mán, 2 mán trygging. Myndir má finna í auglýsingu á fésbókarsíðu Leiguíbúðir á Norðurlandi. Áhugasamir hafi samband í síma 775 4411

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Húsöndin verður í sumarfríi 29.júlí - 5.ágúst. Skilafrestur auglýsinga er til kl 14 á þriðjudögum. Þið getið haft samband við mig í síma 849-2804 eða með tölvupósti husondin@gmail.com.
Hafið það gott í sumar. Kær kveðja, Arnþrúður





“beautiful and
atmospheric”
and “utterly
mesmerizing.”

Árstíðir &



Ragga Gröndal

FLUGSKÝLI MÝFLUGS

REYKJAHLÍÐARFLUGVELLI

FÖSTUDAGINN 19. JÚLÍ


KL 21:00

HÚSIÐ OPNAR: 20:30

FRÍTT INN!

ALLIR VELKOMNIR

“one of Iceland’s
most remarkable
voices”



Vogafjós 20 ára - afmælishelgi 18.-21. júlí.

Tíminn líður og nú eru 20 ár síðan Vogafjós opnaði fyrst dyr sínar fyrir gestum og gangandi. Því ber að fagna og ætlum við því að slá í eina langa afmælishelgi.

Fjórið hefst fimmtudaginn 18. júlí kl 21:00 þegar Hera Björk söngkona og Bjóssi Thor gítarleikari verða með tónleika.

Laugardaginn 20. júlí verður opið hús í Vogafjósi frá kl. 14:00-17:00 þar sem gestum gefst kostur á að líta augum nýju viðbótina okkar. Boðið verður uppá léttar kræsingar og drykki.

Um kvöldið mun hljómsveitin HVER spila og skemmta okkur.

Afmælistilboð verða alla helgina af mat og drykk. Við vonumst til að sem flestir sjái sér fært að mæta og samgleðjast okkur þessa helgi.

Frítt er á alla viðburði.

Veriði hjartanlega velkomin.



Vogafjós

Restaurant - Café
Guesthouse